

38. töl.

13. nóv. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Spjallað
um loftslagskvíða
í setrinu

Sóley Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur og stofnandi Kvíðameðferðastöðvarinnar ræðir við gesti um loftslagskvíða í Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit.



Gígur, Skútustöðum
fimmtudaginn 21. nóvember kl. 17

LOKAÐ Í JARÐBÖÐUNUM 13. NÓVEMBER

Jarðböðin verða lokað miðvikudaginn 13. nóvember vegna viðhaldsstopps. Við opnum aftur á hefðbundnum tíma fimmtudaginn 14. nóvember, kl. 12:00.

Kærar kveðjur frá Jarðböðunum

Mývatn Nature Baths will be closed on November 13th, Wednesday, due to maintenance. Regular opening hours on November 14th.

Kind regards from Mývatn Nature Baths





Bólusetning gegn Inflúensu

Bólusettt verður þriðjudaginn 19.nóvember á heilsugæslustöðinni á Laugum milli kl. 13 og 14. Vinsamlega pantið í síma 4324800 eða 4324960.

Sóttvarnalæknir mælir með því að eftirtaldir áhættu- hópar fái forgang við bólusetningar við inflúensu:

Allir einstaklingar 60 ára og eldri.

Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum eða eru ónæmisbæld af völdum lyfja eða sjúkdóma.

Barnshafandi konur.

Heilbrigðisstarfsfólk sem annast einstaklinga í áhættu- hópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Bólusetning við inflúensu er fólki í forgangshópum að kostnaðarlausu.



Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m.vsk.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Skemmtidagskrá í Heiðarbæ sunnudaginn 17. nóv kl 20,30

Gullmolinn Jói Einars verður með skemmtidagskrá í félagi við
FEBHN Meðal efnis :

- ◇ Leikþátturinn Dinner for one
- ◇ The five ladies, frábær flokkur hagamæltra kvenna með kveðskap undir stjórn Jóa.
- ◇ Fimm manna sönghópur vaskra sveina flytja lög á nótum Comedian Harmonists við texta Jóa.
- ◇ Erlingur Arason einsöngu.

posi á staðnum

Síðast en ekki síst verður orkuboltinn sjálfur með Gamanmál af
ýmsu tagi inn á milli atriða.

Aðgangseyrir við innganginn 3,500 kr

Hægt að panta líka í síma 864,3960

Jói á gröfunni

Vel heppnuð Goslokahátíð

Dagana 19. – 22. september sl. fór fram fyrsta Goslokahátíð Kröflu í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá goslokum Kröfluelda. Dagskráin var mjög fjölbreytt og má þar nefna tónleika, proseccohlaup, vísindastofu, karaoke og fleira. Laugardaginn 21. september var hátíðardagskrá í Kröflu þar sem boðið var upp á grillaða hamburgara og pylsur og leiki fyrir yngri kynslóðina.

Rúsinan í pylsuendanum var svo að sjálfsgöðu bíósýningin þar sem glænýja heimildamyndin okkar um Kröfluelda, Krafla – umbrot og uppbygging var heimsfrumsýnd. Mývetningarnir Gasa Kenny og Stefania Eir Vignisdóttir framleiddu myndina fyrir Landsvirkjun af þessu tilefni. Fjöldi gesta sem heimsótti okkur í Kröflu fór fram úr okkar björtustu vonum og þökkum við öllum kærlega fyrir komuna. Fyrir þá sem ekki komust á frumsýninguna, eða vilja bara sjá myndina aftur, verður heimildamyndin sýnd í Skjólbrekku þann 14. nóvember n.k.



Við hjá Landsvirkjun erum mjög ánægð með fyrstu Goslokahátíð Kröflu og viljum þakka einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum í Mývatnssveit fyrir einstaklega gott og ánægjulegt samstarf, án þess hefði hátíðin aldrei orðið að veruleika. Styrktaraðilar hátíðarinnar voru Landsvirkjun, Jarðböðin við Mývatn, Húsheild Hyrna, Mýflug Air, Berjaya Iceland Hotels og Sparisjóður Suður-Pingeyinga.



Viðhaldsverkefni í Laxá

Um miðjan september var ráðist í umfangsmikil viðhalds- og endurbótaverkefni í Laxárstöð III. Soðið var í slitskemmdir á hverfilhjóli aflvélarinnar og snigillinn umhverfis hjólið málaður að innan. Þá var ís- og grjótskolunarskurður við inntaksstífluna steypur upp á nýtt og fallrennuloku breytt til að verja búnað fyrir ísmyndun.

Auk viðhaldsteymis Laxárstöðva komu ýmsir verktakar að þessu verkefnum, m.a. frá Trésmiðjunni Rein, HD og GP málverk. Aflvél Laxárstöðvar III var ræst á ný 22. október og hafði þá verið stopp í fimm vikur.

Rekstur og viðhaldsstopp í Kröflu

Rekstur gufuaflstöðvanna á Mývatnssvæði hefur gengið vel á árinu og hafa allar vélar verið keyrðar á fullum afköstum þrátt fyrir nokkrar truflanir á flutningskerfinu.

Árlega viðhaldsstoppið í Kröflu var að þessu sinni nokkuð umfangsmikið. Önnur vélin var stoppuð í rúmlega mánuð vegna endurbóta á kæliturni og annarra hefðbundinna viðhaldsverkefna. Á kæliturninum voru burðarbitar endurnýjaðir og gömlu flotgólfi úr krossvið skipt út fyrir gólf úr trefjaplasti. Þá var einnig endurnýjuð klæðning, handrið og gerðar endurbætur á brunakerfi. Í vikutíma voru báðar vélar stopp vegna viðhalds. Það tækifæri var gripið til að gera gufulaust í Kröflu til að sinna nauðsynlegu viðhaldi á gufuveitu, eftirliti í gufu- og rakaskiljum, útskiptum á gufulokum og endurbætum á hljóðdeyfi. Allt þetta eru aðgerðir sem ekki er hægt að gera nema kerfið sé gufulaust. Viðhaldsstoppið gekk mjög vel og öll verk voru unnin á áætlun.

Heimsókn frá Smithsonian

Í lok september fengum við í gufaflstöðvunum á Mývatnssvæði heimsókn frá Smithsonian channel. Tílefni heimsóknarinnar er að þar á bæ er verið að undirbúa gerð heimildapáttar um jarðhitánýtingu Landsvirkjunar í Þingeyjarsveit. Þátturinn verður hluti af seríunni „How did they fix that“. Kvikmyndagerðarfólkið fylgdi starfsmönnum okkar eftir í rúmlega viku og við erum afar spennt að sjá afraksturinn.



Áframhaldandi rekstur Krafla Magma Testbed (KMT) tryggður

Í lok september undirrituðu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, Orkuveitan og KMT samkomulag sem tryggir fjármögnun KMT verkefnisins næstu tvö árin. Samkomulagið markar ákveðin tímamót þar sem Orkuveitan gengur til liðs við verkefnið auk þess sem áframhaldandi stuðningur stjórnvalda og Landsvirkjunar við verkefnið er tryggður.

KMT er frumkvöðlaverkefni sem miðar að því að byggja upp alþjóðlega rannsóknarmiðstöð í eldfjalla- og orkurannsóknum sem verður einstök á heimsvísu. Markmiðið er að þróa tækni til að nýta gríðarlega orkumöguleika með hönnun á næstu kynslóðar jarðhitaholum sem þola þann mikla hita og þrýsting sem liggur næst kvikuholfum. Þannig er áformað að bora mun nær kviku en áður hefur verið gert með það að markmiði að ná í heitari jarðhitavökva en áður. Verkefnið gengur einnig út á að skapa einstaka aðstöðu til eldfjallarannsókna þar sem vísindamenn muni fá beinan aðgang að kviku í fyrsta sinn.

Nokkuð hefur verið fjallað um verkefnið á alþjóðlegum vettvangi undanfarid og má þá t.d. nefna umfjöllun BBC nýverið þar sem m.a. var tekið viðtal við Bjarna Pálsson forstöðumann hjá Landsvirkjun og Björn Þór Guðmundsson framkvæmdastjóra KMT. Verkefnið var einnig til umfjöllunar á Arctic Energy Forum sem fór fram á Akureyri um miðjan október.

Rafbílavæðing og hraðhleðslustöðvar

Landsvirkjun hefur sett sér stefnu um að hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti árið 2030 og við stefnum að 65% samdrætti í losun vegna bruna jarðefnaeldsneytis árið 2025 m.v. árið 2008. Undanfarin ár höfum við unnið að því að skipta út bílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti fyrir rafmagnsbíla til að fylgja eftir þessari stefnu. Í Laxárstöðvum eru núna komnir þrír rafmagnsbílar sem notaðir eru við flutning starfsfólks til og frá vinnustað og önnur tilfallandi verkefni.

Á Mývatnssvæði, þ.e. í Kröflu og á Þeistareykjum eru rafmagnsbílar 11.

Samhliða rafbílavæðingunni höfum við unnið að því að byggja upp hleðsluinnviði á stöðvunum okkar. Við Laxárstöðvar hefur verið tekin í notkun 50 KW hraðhleðslustöð, í Kröflu er 400 KW hleðslustöð og eins á Þeistareykjum. Þessar stöðvar eru allar kærkomin viðbót við þær 22 KW stöðvar sem fyrir voru.



Þrír styrkir úr samfélagssjóði til Norðurlands eystra

Í ágúst var úthlutað úr samfélagssjóði Landsvirkjunar í annað sinn á árinu. STEM Húsavík fékk styrk að upphæð kr. 250.000 til mánaðarlegra fræðsluerinda í vetur. Þá fékk Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri kr. 150.000 vegna Hængsmóts í boccia og Leikfélag Menntaskólans á Akureyri kr. 100.000.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 30. nóvember, en um sjóðinn má lesa á vefsvæði Landsvirkjunar:

landsvirkjun.is/samfelagssjodur



Leikskólakennari óskast

Leikskólakennari og/eða deildarstjóri óskast til starfa við leikskólann Yl í Mývatnssveit sem fyrst. Um er að ræða 100% starf. Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir. 21 nemandi er í leikskólanum á aldrinum 1 árs til 5 ára. Leikskólinn er græn- fána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsueflingu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar. Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan starfsmann. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2024

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann
- Sinna verkefnum er varðar uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismentun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af starfi leikskólakennara er mikill kostur

Við leitum að starfsfólki sem

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu sendast á skólastjóra **hjordis-**

@reykjahlidarskoli.is Með umsókn skal fylgja greinagóð ferilskrá, kynningarbréf og meðmælendur.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á <https://www.reykjahlidarskoli.is/leikskoli>

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.



Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsmanni við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit

Laus er 25% staða starfsmanns við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit. Um er að ræða skipulag, undirbúning og umsjón á samverustundum eldri borgara. Samverustundir eru tvisvar í viku, annarsvegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stóru-tjarnaskóla.

Starfið sem um ræðir er 25% starf við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, einn dag í viku. Starfmaður verður í samstarfi við starfsmenn félagsstarfsins á láglendinu. Allar frekari upplýsingar veitir verkefnastjóri fjölskyldumála, Ásta F. Flosadóttir á netfangið: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Starfið hentar öllum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar hvattir til að sækja um, óháð kyni. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til 19.nóvember. Skila skal umsóknum á skrifstofur Þingeyjarsveitar, eða á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is**



STARF

Matreiðsla á Þeistareykjum

Við leitum að jákvæðum og þjónustulíprum einstaklingi til að matreiða bragðgóðan og hollan mat í mötuneytinu á Þeistareykjum. Á Mývatnssvæði eru nú þegar starfandi tveir matráðar sem leggja metnað í að reiða fram hollan og fjölbreyttan mat úr gæðahráefnum, enda skiptir heilsa og vellíðan starfsfólks okkur hjá Landsvirkjun miklu máli. Nýr starfskraftur verður hluti af því öfluga teymi, en með vinnuaðstöðu á Þeistareykjum.

Helstu verkefni:

- undirbúningur og framreiðsla máltíða starfsfólks og verktaka
- aðstoð við innkaup og birgðahald í samstarfi við aðra matráða á Mývatnssvæði
- aðstoð við matseðlagerð
- ræstingar í mötuneyti
- önnur tilfallandi störf

Þekking og hæfni:

- menntun eða reynsla á sviði matreiðslu
- góð þekking og áhugi á hollu og næringarríku fæði ásamt nýjungum í matargerð
- lípurð í mannlegum samskiptum
- sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- snyrtimennska og frumkvæði
- gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

HEIMILDARMYNDIN

KRAFLA

umbrot og uppbygging

Landsvirkjun, Þingeyjasveit og OB Films bjóða í bíó.

Framleiðendur segja frá gerð myndarinnar.

Í kjölfarið verður myndin sýnd tvisvar, fyrst með íslenskum texta, svo með enskum.

HVENÆR

14. nóvember

kl. 20 (ísl. texti) og kl. 21 (enskur texti)

HVAR

Skjólbrekka í Mývatnssveit



HAUSTGLEÐI ÞINGEYJARSKÓLA

Fimmtudaginn 14. nóvember kl. 19:30 í Ýdölum

Nemendur unglíngastígs ásamt
3. og 4. bekk sýna leikritið

LÍNA LANGSOKKUR

MÍÐAVERÐ

2000 kr fyrir fullorðna.
500 kr fyrir grunnskólabörn.

Frítt er fyrir börn á leik- og
grunnskólaaldri í Þingeyjarsveit.

Sjoppa á staðnum.

**Ath! Ekki er hægt að greiða
með korti.**

Öll hjartanlega velkomin.

